

KORNID

Fréttabréf Akurskóla • 7. árgangur • 3. tölublað • október 2011

Börn eru gleðigjafar, skapandi og fróðleiksbús



Mikill kraftur í Akurskólanemum í Norræna skólahlaupinu

Norræna skólahlaupið fór fram fimmtudaginn 29. september hér í Akurskóla. Þetta er verkefni sem flestir skólar á Íslandi og á Norðurlöndunum taka þátt í.

Með Norræna skólahlaupinu er leitast við að hvetja nemendur til þess að æfa hlaup og aðrar íþróttir reglulega og stuðla þannig að betri heilsu og vellíðan. Þátttakendur geta valið um vegalengdir þ.e. 2.5, 5 eða 10 km. Að hlaupinu loknu fær hver þátttakandi og



einnig hver skóli viðurkenningarskjal þar sem greint er frá árangri og heildarútslit verða birt í fjölmiðlum og send skólum landsins.

Hér í Akurskóla var mjög góð þátttaka en af 396 nemendum í skólanum tóku 363 þátt sem þýðir 91,7% þátttaka, hvorki meira né minna. Nemendur hlupu í heildina

1852,5 km eða 5,1 km á nemanda. Þetta er 540 km meira en í fyrra sem er frábær árangur.

Keppt var við Njarðvíkurskóla sem varð til þess að auka þátttöku hjá þeim til muna. Akurskóli vann þessa keppni í ár en þess má geta að Njarðvíkurskóli stóð sig frábærlega líka en þau hlupu yfir 1700 km.

Grenndarnám – ný smiðja

Grenndarnám er ný smiðja hjá 4. og 5. bekk. Þar er lögð áhersla á að nýta náttúruna sjálfa sem rannsóknarstofu. Það er gert til að auka fjölbreytni ásamt því að börn fái tækifæri til þess að læra á áhugaverðan, skemmtilegan og skilvirkan hátt. Í útinámi eru nemendur sífellt að bæta við reynsluheim sinn með því að upplifa í gegnum námið. Kennari reynir að aðstoða nemendur sína sem allra best í því að öðlast reynslu og afla sér þekkingar á þeirra forsendum. Nemendur hafa þetta að segja um þessa nýjung í Akurskóla:

Kristófer Natan (Háhyrningar): Mér fannst skemmtilegt að fá að vinna með stafrófið úti, mér fannst líka gaman að fræðast um umhverfið, ég hef mikinn áhuga á

allri fræði eins og risaeðlufræði og þannig.

Kristinn Anton (Höfrungar): Mér fannst gaman að fá að leika mikið úti, skemmtilegast fannst mér fuglaskoðun og að fá að teikna fugl.

Anika Mjöll (Höfrungar): Ég elska að fá að vera úti, mér fannst allt sem við gerum í grenndarnámi skemmtilegt.

Bergsteinn, Kristófer og Andri (Höfrungar): okkur fannst lang skemmtilegast að veiða síli í tjörninni.

Alexandra Björk (Höfrungar): Mér fannst allt sem við gerðum skemmtilegt, fannst gaman að fá að læra úti.

Matthías (Hnísur): Mér fannst skemmtilegast að fara í fjöruna, þar veiddi ég lítinn krabba.





Göngum í skólann 2011

Miðvikudaginn 5. október var alþjóðlegi Göngum í skólann dagurinn haldinn hátíðlegur víða um heim. Um leið lauk formlega verkefninu Göngum í skólann hér á landi. Er þetta í fimmta skipti sem Ísland tekur þátt í verkefninu en það hófst í Bretlandi árið 2000 og hefur þátttaka stöðugt farið vaxandi.

Megin markmið Göngum í skólann eru að hvetja til aukinnar hreyfingar með því að auka færni barna til að ganga á öruggan hátt í skólann og fræða þau um ávinning reglulegrar hreyfingar sem og að draga úr umferðarþunga, mengun og hraðakstri nálægt skólum. Auk þess er reynt að stuðla að vitundarvakningu fyrir vistvænan ferðamáta og umhverfismálum og það hversu „gönguvænt“ umhverfið er.

Nemendur í Akurskóla voru að sjálfsgöðu þátttakaendur í þessu verkefni og voru nemendur hvattir



til að ganga eða hjóla í skólann í fjórar vikur. Einnig voru þeir nemendur sem þurftu að taka strætó eða voru keyrðir af foreldrum hvattir

til að fara úr bílnum í hæfilegri vegalengd frá skólanum og fengu þá skráð að þau hefðu gengið í skólann. Nemendur voru margir hverjir mjög duglegir við þetta verkefni.

Í ár var veittur sérstakur gullskór sem var hannaður af smíðakennaranum okkar henni Jönu Maríu Guðmundsdóttir og á hún mikið hrós skilið fyrir flottan grip.

Veittur var gullskór fyrir 1.sætið á hverju aldurstigi. Sigurvegarar í ár voru:

- Yngsta stig: Kópar
- Miðstig: Háhyrningar
- Unglingastig: Prestir



VIÐTÖL:

Umsjón:
Maren Rós Sævarsdóttir



Hvað heitir þú? **Ágústa.**

Hver er upphálds liturinn þinn?

Rauður og fjólublár.

Hvað finnst þér skemmtilegast að gera í skólanum? **Vera í stærðfræði.**

Hver er upphálds maturinn þinn?

Grjónagrautur.

Hver er upphálds sjónvarpsþátturinn þinn? **Extreme makeover.**

Áttu gæludýr? **Nei.**

Æfir þú einhverja íþrótt? **Sund.**

Hvað gerir þú helst eftir skóla á daginn?

Leik mér við vinkonur mínar.

Hvað finnst þér skemmtilegt að gera um helgar? **Vera með mömmu og pabba og vinkonum mínum.**



Hvað heitir þú? **Falur.**

Hver er upphálds liturinn þinn?

Fjólublár.

Hvað finnst þér skemmtilegast að gera í skólanum? **Vera í stærðfræði.**

Hver er upphálds maturinn þinn?

Hamborgari.

Hver er upphálds sjónvarpsþátturinn þinn? **American got talent.**

Áttu gæludýr? **Já, hund.**

Æfir þú einhverja íþrótt? **Fótbolta.**

Hvað gerir þú helst eftir skóla á daginn?

Ég fer á fótboltaæfingar.

Hvað finnst þér skemmtilegt að gera um helgar? **Leika við vini mína.**

Orð af orði í Akurskóla

Nemendur og kennarar í 4. – 10. bekk munu taka þátt í þróunarverkefninu *Orð af orði* í vetur. Markmið verkefnisins er að nemendur efli orðvitund sína, orðaforða og hæfni til að ráða merkingu orða; að þeir geti nýtt orðaforða sinn á fjölbreyttan hátt og efli skilning sinn í tengslum við mál, lestur og nám. Stefnt er að því að nemendur efli lesskilning og færni í að nota orðaforða sinn á markvissan hátt m.a. til að eiga auðveldara með að skilja námstexta og að tjá sig, greina frá þekkingu sinni og skoðunum með blæbrigðaríku máli.



Guðmundur Engilbertsson.

Orðaforðakennslu verður fléttað við aðra kennslu og nemendur læra ýmsar orða- og námsaðferðir til að beita í vinnu sinni með námsefni. Nemendur fá þjálfun við greiningu og sundurgreiningu orða s.s. orðasambönd, orð og orðeiningar, að bera saman skyldleika orða, að greina mismunandi merkingu orða og mynda orð úr orðeiningum. Þeir læra einnig

að nýta sér vísbendingar í samhengi texta til að ráða merkingu orða. Orðaforðakennslu verður m.a. fléttað við gagnvirkan lestur og gerð hugrænna korta. Jafnframt verður aukið við yndislestur heima og í skóla sem leið til að styrkja orðaforða og lesskilning.

Gert er ráð fyrir að aðferðir verði notaðar í tengslum við hefðbundið námsefni í bóklegum greinum. Kennarar læra að nota aðferðir og kenna nemendum þær markvisst, skref fyrir skref, stig af stigi. Hugmyndasmiður og umsjónarmaður verkefnisins er Guðmundur Engilbertsson lektor við Háskólann á Akureyri og sérfræðingur á Miðstöð skólaþróunar. Verkefnisstjóri Akurskóla er Elín Rós Bjarnadóttir.

Akurskóli á iði

Akurskóli á iði er gönguhópur nemenda, foreldra og starfsfólks Akurskóla. Gengið er á Reykjanesi. Farið er sex ferðir á ári, þrjár um haustið og þrjár um vorið. Brauðstígurinn var genginn sunnudaginn 2. október sl. en mæting var lítil vegna veðurs. Brauðstígurinn er leið út í hraunið vestan Þorbjarnar og eru þó nokkrir flottir hellar á leiðinni. Á leiðarenda eru nokkrar rústir af hlöðnum byrgjum sem er áhugavert að skoða því að það er ráðgáta til hvers byrgin voru raunverulega notuð. Nokkrar tilgátur eru til um það t.d. að Grindvíkingar hafi falið sig þar fyrir Tyrkjum, að Grindvíkingar hafi bakað hverabrauð þar eða að útilegumenn hafi búið þar.

Áhugavert er að skoða hellana og byrgin og mæli ég með göngunni fyrir alla.

Sindri Már Sverrisson 10. bekk



Nemendur í Akurskóla gróðursetja tré

Nemendur í Akurskóla hafa undanfarin tvö ár gróðursett tré í samstarfi við félagasamtökin *Gróður fyrir fólk í landnámi Ingólfs*. Megin viðfangsefni samtakanna er að endurheimta glötuð landgæði og glæða þau nýju lífi. Umsjónarmenn verkefnisins eru Björn Guðbrandur og Kristján Hreinsson og hafa þeir aðstoðað nemendur við gróðursetningu á reit nálægt hringtorginu við Stekkjargötu. Vöxtur og viðgangur plantnanna er skráðar nákvæmlega á vorin og á haustin og er nemendum mjög umhugað um að plönturnar nái að vaxa og dafna.

eTwinning verkefni í 5. bekk



Síðastliðið vor hófu nemendur sem nú eru í 5. bekk að vinna eTwinning verkefni með tíu öðrum skólum í Evrópu sem ber heitið Matarmenning í mínu landi. eTwinning er samstarfsvettvangur fyrir skóla í Evrópu til þess að taka þátt í rafrænum verkefnum. Verkefnin geta verið af öllu tagi og eiga það sameiginlegt að vera unnin eingöngu á netinu. Verkefni 5. bekkjar fjallar um matarvenjur, siði og uppskriftir frá eigin landi. Unnið er á sérstöku vefsvæði þar sem nemendur og kennarar geta miðlað upplýsingum, spjallað og fræðst um matarmenningu allra þáttökulandanna. Verkefninu lýkur síðan eftir áramót með útgáfu á sameiginlegri matreiðslubók sem mun innihalda uppskriftir frá löndunum ellefu. Krakkarnir hafa sýnt verkefninu mikinn áhuga og finnst gaman að kynnast matarmenningu Evrópuþjóða.



LÍF OG FJÖR Á ÚTIKENNLSUSVÆÐINU



Mikið hefur verið að gerast í uppbyggingu útikennslusvæðisins við Narfakotsseylu nú í haust. Það var mikið gleðiefni þegar fregnir bárust um það í sumar að engar athugasemdir hefðu borist frá nágrönnum vegna fyrirhugaðar aðgerða við svæðið, en grendarkynning fór fram á vegum Reykjanesbæjar í sumarbyrjun. Okkur var því ekkert að vanbúnaði að hefjast handa þegar skólastarf hófst í haust.

Verkefninu barst góður liðsauki frá sjálfbóðaliðasamtökunum SEEDS, en 10 evrópsk ungmenni á þeirra vegum tóku hraustlega til hendinni

í tvær vikur í september og lyftu sannarlega grettistaki í að koma verkefninu af stað undir dyggri stjórn Guðmundar Hrafn Arngrímssonar landslagsarkitekts, en hann er hugmyndasmiður og hönnuður útikennslusvæðisins. Hugmyndir hans vísa í gamla atvinnuhætti og sjósókn á Suðurnesjum og einnig vann hann út frá hugmyndum nemenda Akurskóla og leikskólanna Holts og Akurs, en þessir þrír skólar standa að útikennslusvæðinu og höfðu nemendur unnið hugmyndavinnu fyrir útikennslusvæði. Nemendur skólanna þriggja voru líka duglegir að taka til hendinni og lögðu

allir nemendur Akurskóla sitt af mörkum með einum eða öðrum hætti. Heimsóknir á svæðið voru skipulagðar þannig að allir nemendur fengju að taka til hendinni. Einnig voru eldri nemendur duglegir að taka viðtöl við sjálfbóðaliðana sem borðuðu hádegismat í Akurskóla í boði Skólamatar og settu líflegan svip á skólastarfið með nærveru sinni þessar tvær vikur sem þau voru hér. Héldu þau m.a. kynningu í skólanum og sögðu frá sínum heimalöndum: Frakklandi, Þýskalandi, Spáni, Belgíu, Tékklandi, Rúmeníu, Austurríki og Ungverjalandi.

Margir hafa sýnt þessu verkefni áhuga og velvilja og styrkt það með einum eða öðrum hætti, þar á meðal Manngildissjóður, Magma Energy Bláa Lónið og Skólamatur.


Skipulagðar hafa verið þrjár vinnu-helgar með foreldrum í október, að vísu þurfti að aflýsa þeirri fyrstu vegna óveðurs, en laugardaginn 15. okt. tók öflugur hópur foreldra og barna þátt í vinnuátaki sem skilaði miklu. Síðasti fjölskylduvinnudagurinn á þessu hausti er fyrirhugaður þann 29. okt. og vonum við að vel viðri til útivinnu þann dag.

Kveðja,
Magnús Valur Pálsson,
verkefnisstjóri útikennslusvæðis



Guðmundur Hrafn Arngrímsson landslagsarkitekt hefur stýrt vinnunni í Seylunni.

Í SEYLUNNI



Nemendur Akurskóla tóku viðtöl við sjálfböðaliðana.



Hress hópur ungmenna frá sjálfböðaliðasmatökunum SEEDS vann að útikennsluverkefninu í tvær vikur í september.



Fjölskylduvinnudagur var haldinn í Narfakotsseylu 15. okt. og verður annar haldinn 29. okt..



Nina og Narfakotsseylan

Við, Karítas, Berglind, Sóley, Karen og Björn tókum viðtal við eina konu úr hópnum sem heitir Nina. Hún er 23 ára og er frá Þýskalandi. Við spurðum hana hvers vegna hún hafi boðist til þess að hjálpa við að búa til útiskólann og hún sagði að hún væri að læra og að henni langaði að koma hingað til Íslands. Við spurðum hana líka hvað henni hafi þótt athyglisverðast við Ísland. Hún sagði að það væru svo margir hlutir t.d að fólkið er svo vinalegt og opinkátt og að náttúran er svo æðisleg og falleg. Síðan spurðum við hana hvernig henni fyndist veðrið og henni fannst þau hafa verið mjög heppin með veðrið og fannst það fínt.



FORELDRAFÉLAGIÐ

Í Akurskóla er starfandi foreldrafélag FFA, sem foreldrar verða sjálfkrafa félagar í þegar börn þeirra hefja nám við skólann.

Helstu markmið FFA eru:

- að vinna að velferð nemenda, efla hag skólans og koma á sem bestu sambandi milli skólans og heimila nemenda.
- að efla starf foreldrafélagsins og gera það sýnilegra í skólasamfélaginu. Að auðvelda störf foreldra í foreldrafélagi og tryggja samfellu í starfinu.
- að allir félagsmenn hafi gott aðgengi að félaginu og starfsemi þess í gegnum heimasíðu skólans og það birti þar reglulega fréttir frá félaginu sem og fundargerðir.
- að byggja upp bekkjarfulltrúastarf með góðum stuðningi.
- Að styrkja og efla virkni foreldra.

Félagsgjöld FFA

Nú ættu allir foreldrar/forráðamenn barna við Akurskóla að hafa fengið sendan gíróseðil frá FFA á heimabankann. Félagsgjaldið er 1.500 kr. en ákveðið var á FFGIR - fundi sl. vor að félagsgjöldin yrðu þau sömu í öllum grunnskólum Reykjanesbæjar. Innheimt er fyrir hvert heimili þannig að aðeins þarf að greiða fyrir eitt barn ef fleiri börn eru á heimilinu. Þeir sem ekki eru með heimabanka geta lagt inn á reikning FFA nr: 0147-05-401336, kt. 6710051120. Nauðsynlegt er að gefa upp nafn barns í skýringu og senda kvittunina á ffa@gth.is

FFA telur mikilvægt að styðja vel við bakið á nemendum, skóla og foreldrum og því eru félagsgjöldin mjög mikilvæg. Ávallt hafa verið mjög góð skil á greiðslum félagsgjalda til FFA og er stjórn foreldrafélagsins afar þakklát fyrir, enda mikilvægt að halda áfram að styðja við bakið á nemendum.

Styrkir og gjafir FFA 2010-2011

- Heimsókn rithöfundar í 1. bekk vegna verkefnis á vegum skólans sem nefnist Brúum bilið.
- Leiksýning frá Blátt Áfram fyrir nemendur 2.-5. bekkjar.
- Skólanum var færður örbylgjuofn og tvö samlokugrill sem staðsett er í matsal nemenda.
- Nemendur voru styrktir til þátttöku í Skólahreysti.
- Skólanum var gefinn hugbúnaður sem nýtist lesblindum.
- Keypt var jólaöl fyrir nemendur með jólamatnum á aðventunni.
- Styrkt var verkefnið Ég og þú, þú og ég.
- Styrkur var veittur til 6. bekkjar í fjáröflun fyrir Reykjaferð á næsta ári (kaffisala í laufabrauðsgerð)
- Bókin Skóli og skólaforeldrar – ný sýn á samstarfið um nemandann var keypt. Bókin er aðgengileg foreldrum á bókasafni Akurskóla
- Keypt voru barmblóm en hefð hefur skapast að foreldrafélagið gefi 10. bekkingum blóm fyrir ársáhátíð.
- Styrkir til vorferða nemenda.

Gott að hafa í huga varðandi afmælisboð og afmælisgjafir

Stjórn FFA hefur fengið ábendingar um að mjög ábótavant er að foreldrar láti vita ef börn þeirra hafa ekki tök á því að mæta í afmæli sem þau eru boðin í af öðrum nemendum skólans. Of oft hefur komið upp að gleymst hefur að boða forföll. Mikilvægt er að láta vita ef barn kemst ekki í afmæli en einnig er vert að hafa í huga að það er kurteisi að mæta í þau afmæli sem boðið er í.

Einnig viljum við benda foreldrum á að nýta sér Mentor þegar afmælisboðskort eru send út í formi pappírs. Oft gleyma börnin boðskortunum í skólatöskunni og því leitt ef þau gleymast þar fram yfir boðsdag. Mentor er gott verkfæri til að nýta sér til að senda línur í tölvupósti á aðra foreldra.

Stjórn FFA minnir á 500 kr. viðmiðið í afmælisgjöfum, hvort sem það er í formi aura eða gjafar. Biðjum við foreldra að hafa það í huga.

Dagskrá FFA veturinn 2011-2012

21. september	Fundur með bekkjarfulltrúum
18. október	Fræðslufundur. Kynning á eineltisáætlun Akurskóla. Fyrirlesarar verða með fræðslu
24. nóvember	Laufabrauðsgerð í umsjón FFA og foreldra 6. og 7. bekkinga
23. janúar	Fundur með bekkjarfulltrúum
20. febrúar	Opinn almennur félagsfundur
26. mars	Páskabingó í umsjón FFA og foreldra 4. og 5. bekkinga
16. apríl	Kvöldkaffi með starfsfólki Akurskóla. Farið yfir niðurstöður samræmduprófi
14. maí	Aðalfundur FFA

Upplýsingar um, stjórn, bekkjarfulltrúa ofl. má finna á akurskoli.is undir foreldrafélag



Hvað heitir þú? **Eiríkur**

Hver er uppháhalds liturinn þinn?

Rauður.

Hvað finnst þér skemmtilegast að gera í skólanum? **Vera í íslensku.**

Hver er uppháhalds maturinn þinn?

Hakk og spaghetti.

Hver er uppháhalds sjónvarpsþátturinn þinn? **Simpson.**

Áttu gæludýr? **Nei.**

Æfir þú einhverja íþrótt? **Nei.**

Hvað gerir þú helst eftir skóla á daginn?

Er í tölvunni.

Hvað finnst þér skemmtilegt að gera um helgar? **Horfa á sjónvarpið.**



Hvað heitir þú? **Amelía.**

Hver er uppháhalds liturinn þinn?

Ljósblár.

Hvað finnst þér skemmtilegast að gera í skólanum? **Vera í stærðfræði.**

Hver er uppháhalds maturinn þinn?

Djúpsteiktur fiskur með sítrónu.

Hver er uppháhalds sjónvarpsþátturinn þinn? **Two and half men.**

Áttu gæludýr? **Nei.**

Æfir þú einhverja íþrótt? **Júdo.**

Hvað gerir þú helst eftir skóla á daginn?

Passa.

Hvað finnst þér skemmtilegt að gera um helgar? **Sofa út.**



Kristjana Guðlaugsdóttir
skrifar

Framtíðin er þín!

Í ljósi umræðu um hert inntökuskilyrði Háskóla Íslands, ásamt þeirri niðurstöðu könnunar sem sýndi að börn frá Fjölbrautaskóla Suðurnesja (FS) telja sig ekki nægilega vel undirbúin fyrir háskólanám, er kominn tími til að skoða máltækið „betur megi ef duga skal.“ Ég efast ekki um að bæjaryfirvöld muni koma sterk inn og finna þessu máli jákvæðan farveg og mín ósk er að lausnirnar verði margar og gagnlegar.

Er brottfall nemenda í framhaldskóla hugsanlega vegna þess að ungmennin vita ekki hvað þau vilja verða þegar þau verða stór? Getur verið að þau skorti þann reynsluheim sem hjálpi þeim að marka sér framtíðarsýn og hvert skuli stefnt eftir grunnskóla? Þau hefja nám í FS en hafa jafnvel ekki ákveðið hvert skuli halda að því námi loknu.

Ég trúi því að um leið og framtíðarstarfið er orðið skýrara í huga þeirra þá taki þau enn frekar ábyrgð á námi sínu, þau verða stefnufastari og vita betur hvert skuli stefna. Það gæti því verið gott að færa framtíðarsýn ungmenna handan við framhaldsskólann!

Við getum stuðlað að því að ungmennin átti sig fyrir á því hvert hugur og hönd stefna að lokinni grunnskólagöngu með því að kynna fyrir þeim ýmis konar iðnstörf, fyrirtækjarekstur og störf sem krefjast háskólanáms.

Tvær hugmyndir hafa komið upp í samstarfi foreldra 10. bekkjar í Akurskóla. Önnur þeirra er að standa fyrir vísindaferðum þar sem fyrirtæki og háskólar eru heimsóttir. Þannig fá börnin okkar sýn á fjölbreytt störf og viðeigandi menntun sem gæti orðið leiðarljós í átt að óskastarfinu.

Hin hugmyndin er að fá atvinnulífið og skólasamfélagið hér á Suðurnesjum í samstarf með okkur og koma á fót kynningu á margskonar störfum, sýningin yrði að vera lifandi og það yrði að vera sýnilegt hvað hin ýmsu störf innifela. Hárskeri gæti t.d. mætt með skærin sín og klippt nokkra kolla, verkfræðingur gæti verið með teikningar og tölvu svo hann geti útskýrt í hverju hans starf felst, smíðurinn væri með spítu, læknir með hlustunarpípu o.s.frv. Nauðsynlegt væri að það kæmi skýrt fram hvaða námsleiðir hver fyrir sig valdi og hvaða námsleiðir eru í boði. Hugsanlega væri hægt að hafa uppstillinguna þannig að það væri háskólahorn, iðnmenntunarhorn, listahorn og tæknihorn o.s.frv. Þannig að þeir sem hafa einhverja hugmynd um framtíðarstarf geti heimsótt það svæði sem höfðar mest til þeirra. Það þyrfti að vera skyldumæting 10. bekkjar barna og jafnvel þeirra sem áhuga hafa úr yngri árgöngum FS. Foreldrar væru velkomnir og hvattir til að mæta.

Það er ýmislegt gott gert nú þegar en kynning eins og að ofan greinir er góð viðbót við það sem nú þegar er í boði. Þannig gætu ungmennin okkar áttað sig enn frekar á því hver næstu skref séu í átt að því starfi sem biður þeirra.

Lykillinn að farsælu verkefni er jákvæðni, lausnamiðuð vinna, samvinna, upplýsingaflæði og að framtíðarsýn okkar sé sú sama, þ.e. að aðstoða ungmennin okkar við að koma auga á alla möguleikana sem í boði eru handan við framhaldsskólann, bæði í starfi og námi. Ég hef trú á því að ef allir, þá meina ég foreldrar og skólasamfélagið, taki höndum saman þá finnist góðar lausnir ungmönnum okkar til hagsbóta.



Flott án fíknar

Flott án fíknar er sameigilegt verkefni margra skóla á landinu og markmiðið er að halda unglingum frá vímuefnum sem lengst. Föstudaginn 7. október sl. var svo komið að árlegri óvissuferð í boði verkefnsins. Mikil tilhlökkun var í loftinu en áætlaður farartími var klukkan 13:00 á föstudeginum. Fyrsti viðkomustaðurinn var skemmtigarðurinn í Grafavogi. Þar borðuðum við nestið okkar, fórum í strandblak og frísbíggj. Síðan lá leiðin í skautahöllina. Þar skemmtu sér allir vel en eftir skautana voru allir orðnir þreyttir og gott að fá að slaka vel á í pottunum í Laugardalslauginni. Ýmsar getgátur voru um hvert ferðinni yrði heitið næst. Sumir héldu t.d. að við myndum gista í Akurskóla um nóttina en ekki



reyndist það rétt. Við fórum nefnilega í Hafnarfjörðinn og gistum í skólanum þar sem Lars fyrrverandi aðstoðarskólaflokkur Akurskóla er nú skólaflokkur. Þegar þangað var komið borðuðum við pítsu og drifum okkur á sameigilegt ball með krökkum úr Firðinum. Þegar ballið var búið komum við okkur vel fyrir í félagsmiðstöð skólans og spilað var billiard, borðtennis, horft á mynd og talað saman langt fram á nótt. Þegar við vöknudum fengum við okkur morgunmat og pökkuðum niður. Þegar heim var komið voru allir ánægðir eftir vel heppnaða ferð.

Teitur Ari Theodórsson, Örnun

Námsmaraðon hjá 7. bekk

Fimmtudaginn 8. október var 7. bekkur í Akurskóla með námsmaraðon. Markmið maraðonsins var margvætt m.a. að undirbúa og rifja upp námsefni fyrir samræmd könnunarpróf, að safna peningum fyrir Reykjaferð sem 7. bekkir í Akurskóla fara árlega í og til að kynnst betur og efla hópinn félagslega.

Hugmynd að maraðoninu kom upp síðasta vor þegar kennarar og foreldrar hittust til að funda um Reykjaferðina. Undirbúningur hófst og buðu foreldrar sig fram við að standa vaktina og aðstoða umsjónarkennara fram eftir nóttu. Nemendur fengu áheitaðlað viku fyrir maraðonið og hófu að safna fyrir ferðinni. Söfnunin gekk vel og náðu sumir nemendur að safna fyrir allri ferðinni.

Nemendur, foreldrar og kennarar mættu svo með skóladót, dýnur, svefnpoka o.fl. í skólann þann 8. október klukkan 20:00 og var þá nemendum skipt í þrjá hópa. Síðan var unnið í hringekjuvinnu fram á rauða nótt þar sem á einni stöð var einblínt á íslensku, annarri á stærðfræði og á þriðju stöðinni var hvíld. Svona gekk þetta fram á nótt með smá afmælispásam inn á milli en við vorum með þrjú afmælissöngvar og var boðið upp á kökuveisla og afmælissöngvar sungnir fyrir afmælissöngvarin.

Nemendur sem tóku þátt í námsmaraðoninu stóðu sig með þryði og unnu mjög vel. Þeir foreldrar sem stóðu vaktina með okkur voru líka frábærir og eiga þakkar skilið fyrir það.

Við viljum benda á að sýnishorn af þessu skemmtilega framtaki er á vefslóðinni <http://youtu.be/7sBwLACTbT8> en Ragnar, faðir eins nemanda, var svo elskulegur að setja saman stutt myndband fyrir okkur.



Framundan hjá Akurskóla:

29. okt. Vinnudagur foreldra og barna í Narfakotsseylu
1. nóv. Flott án fíknar; bíóferð
1. nóv. Brennómót 8.-10. bekk
8. nóv. Dagur gegn einelti
16. nóv. Dagur íslenskrar tungu

18. nóv. Starfsdagur
21.- 25. nóvember:
Reykjaferð hjá 7. bekk
23. nóv. Nemenda- og foreldrasamtöl

KORNIÐ

Fréttabréf Akurskóla

Ritstjóri: Guðný Ester Aðalsteinsdóttir
Ábyrgðarmaður: Jónína Ágústsdóttir
Útlitshönnun: Magnús Valur Pálsson
www.akurskoli.is

Sendið okkur efnishugmyndir eða myndir á: gudny.adalsteinsdottir@akurskoli.is

Áfram Akurskóli!